



CAD Fréttir Janúar 2009

Gleðilegt nýtt ár

Enn og aftur er ár liðið og landinn búinn að skjóta upp nærri 600 tonn af flugeldum til að lýsa upp himinhvolfið í dimmasta skammdeginu. Sem betur fer - fyrir björgunarsveitir og íþróttafélög - var ekki mikið skorið niður á flugeldum.

En nú eru allar hátíðir fyrir bí og hvunsdagsleikinn bíður. Nú er að bretta upp ermar og reyna að koma skútunni á réttan kjöl aftur. ÁFALLIÐ getur kannski reynzt hollt fyrir okkur þegar allt kemur til alls því það er gömul saga og ný að mannfólkið lifir ekki af að raka hvort annað. Við verðum að framleiða. Að skapa raunveruleg verðmæti, því ímynduð verðmæti eru oft eins og hver önnur bóla - hún springur fyrir rest. Við verðum nú í ríkari mæli að einbeita okkur að frum atvinnugreinunum og iðnaðarframleiðslu. Við verðum - þar sem það er unnt - að flytja aftur heim - framleiðslu sem við á undanförunum árum höfum sótt til útlanda. Við verðum aftur að byggja upp þjóðarstolt og kaupa íslenskt og þar verða ríki og sveitarfélög að vera í broddi fylkingar. Héðan í frá eiga allar útboðlýsingar að vera skrifaðar á íslensku og ef erlendir aðilar vilja taka þátt í útboðu þá verða þeir að láta þýða gögn á eigin kostnað. Við skulum hætta að færa þeim þetta á silfurfati - þó fyrr hefði verið.

Varðandi verðhækkanir:

Mörgum sem eru í áskrift og þá einkum AutoCAD áskrifendur hefur brugðið í brún þegar reikningur fyrir endurnýjun barst, einkum þeir áskrifendur sem endurnýja fyrri part árs. Þann 25. marz í fyrra varð 25% verðhækkun á AutoCAD áskriftum hjá Autodesk - hækkaði gjaldið um €100. Miðað við hvernig gengið hefur verið undanfarið, þá þýðir það meira en tvöföldun í íslenskum krónum. Jafnframt hefur álagning okkar heldur lækkað. Okkur þykir þessi þróun mjög óskemmtileg en því miður er lítið sem við getum gert. Aðrar áskriftir hafa eingöngu hækkað til samræmis við gengi krónunar.

Tilboð:



Uppfærsla á AutoCAD 2006 og AutoCAD LT 2006 í 2009 með **10 % afslætti**. Þetta tilboð gildir einnig fyrir 2007 línuna. Eins og vonandi flestum er ljóst þá rennur AutoCAD 2006 sitt skeið um næstu áramót og eftir þann tíma verður ekki unnt að uppfæra.

Til 16. janúar 2009 er unnt að uppfæra á þessu hagstæða verði.

Skilyrði er að tekin sé áskrift til eins árs. Áskrift er skylda á öllum forritum frá Autodesk.

Einnig er átak / tilboð í gangi varðandi þá notendur sem hafa dottið út úr áskrift af einhverjum ástæðum. Hafið samband við **CAD ehf** og leitið upplýsinga.

AutoCAD 2009 notendur sem eru í áskrift geta uppfært í **AutoCAD Electrical 2009**, **AutoCAD P&ID 2009** og eða **AutoCAD Mechanical 2009** fyrir mjög hagstætt verð. Skilyrði er að núverandi AutoCAD 2009 sé í áskrift.

Leitið upplýsingar hjá **CAD ehf**.

Inventor notendur eiga rétt á að kaupa **AutoCAD Electrical 2009** eða **AutoCAD P&ID 2009** á

hálfvirði. **AutoCAD Electrical** er frábært forrit til hönnunar á rafmagnsstýrimyndum (schematics) og **P&ID** er einnig fyrir stýrimyndir en þá með áherzlu á pípum, rörum og slöngum.

Nánar um **Electrical** [hér](#) og um **P&ID** [hér](#).

Leitið upplýsingar hjá **CAD ehf.**

Servicepacks og uppfærslur:

Service pack 2 er kominn út fyrir eftirfarandi forrit:

AutoCAD 2009 og að finna [hér](#):

AutoCAD LT 2009 er að finna [hér](#):

AutoCAD Mechanical 2009 er [hér](#):

Autodesk Mechanical Desktop 2009 er [hér](#):

AutoCAD Electrical 2009 er [hér](#):

Servicepack fyrir Autodesk Inventor Series 2009 og Autodesk Inventor Professional 2009 er að hinna [hér](#) ásamt hotfix sem er [hér](#):

Kennsluáætlun:

AutoCAD 2009 / LT 2009 Essentials	16.-17. og 23.-24. janúar 2009	4 dagar
Autodesk Inventor 2009 Essentials	06.-07. og 13.-14. febr. 2009	4 dagar
AutoCAD þrívídd	06.-07. Marz 2009	2 dagar
AutoCAD Electrical 2009 Essentials	03.-04. apríl 2009	2 dagar
Inventor fyrir Innréttingasmíði	15.-16. maí 2009	2 dagar

Bókun og upplýsingar um námskeiðin er í síma 590 6400 milli kl. 9 og 16.

Einnig má skrá sig á heimasíðu **lðunar** www.idan.is



Tips & Tricks:

AutoCAD:

Að nota SHIFT lýkilinn í AutoCAD:

Ef **SHIFT** lykilinum er haldið niðri þegar teiknuð er lína samsvarar það að setja "gamla" ORTHO á og eingöngu er hægt að teikna lárétt eða lóðrétt.

Þegar notaðar eru **FILLET** eða **CHAMFER** skipanir og **SHIFT** er haldið niðri þegar seinna strikið er valið þá er það eins og radius eða distance sé á 0. Getur verið gagnlegt ef maður vill halda ákveðnum radíus inni.

Þegar **GRIPS** eru valin og **SHIFT** haldið niðri þá er unnt að velja mörg handföng (Grips).

Þegar notaðað eru **TRIM** eða **EXTEND** skipanir og **SHIFT** er haldið niðri þá víxlar AutoCAD milli skipana þ.e.a.s. ef **TRIM** var valið í upphafi og **SHIFT** er haldið niðri þá skiptir AutoCAD yfir í **EXTEND**. Ef **OSNAP TRACKING** er á tekur **SHIFT** það af um stundar sakir.

SHIFT og hægri klikk (RMB) kallar fram **OSNAP** stíkuna.

Layer Freeze - Auka stillingar

Hafið þið einhvern tíma notað **LAYFRZ** og rangt lag verið fryst?

Þegar skipunin er valin eru gildandi stillingar sýndar á skipanarlínunni. Skrifið S til að fara inn í stillingar (Settings) og bezt er að nota **BLOCK** eða **ENTITY**.

AutoCAD Electrical.

Electrical er einnig á Manufacturing Community og hefur sína eigin blogg síðu:

<http://mfgcommunity.autodesk.com/blogs/blog/7/>

Hér er að finna tips og tricks fyrir Electrical: <http://tinyurl.com/6ehew3>

Inventor:

Multi-Select Objects í Inventor

Fjölval hluta í Inventor fylgir viðteknum Windows venjum. Sama hvort þú ert í **SKETCH** umhverfi, inni í **ASSEMBLY** skrá eða í teikningaskrá **IDW**, ef þú heldur niðri **CTRL** getur þú valið meira en einn hlut. Þetta gildir einnig í "Browser" glugganum.

Ef haldið er niðri **SHIFT** þá er valið fyrsti og síðasti hluturinn og allt þar á milli. Einnig er hægt að nota **WINDOWS** og **CROSSING** aðferðirnar.

Til að endurtaka síðustu skipan er unnt að ýta á bilstöngina (**Spacebar**) eða hægrismella (**RBM**) og velja "Repeat...." úr glugganum.

Copy og Paste AutoCAD teikning inn í Inventor

Þegar þú kópirar AutoCAD hluti og setur þá inn í Inventor sketch þá villtu nota "**Constrain End Points**" möguleikann og sama hátt og ef "Import Wizard" er notaður

Lausn:

Í Inventor skissunni - **hægri smellið inni í skissuna og veljið "Paste"**.

Þegar "Preview" glugginn hangir á músabendlinum er **hægrismellt og valið "Paste Options"** Breytið stillingum í samskiptaboxinu að óskum.

Þangað til næst:

Lifið heil.

Finnur P. Fróðason

Hafið Samband:

sími: 5523990 - cad@cad.is

[Forward email](#)

✉ **SafeUnsubscribe**®

This email was sent to finnurp@cad.is by finnurp@cad.is.
[Update Profile/Email Address](#) | Instant removal with [SafeUnsubscribe](#)™ | [Privacy Policy](#).

Email Marketing by



CAD ehf | Skulagata 10 | Reykjavík | IS-101 | Iceland